



***Reglur um styrk til íslenskunáms
starfsmanna Bláskógabyggðar***

Starfsmenn Bláskógabyggðar sem hafa annað móðurmál en íslensku geta sótt um styrk til sveitarfélagsins vegna íslenskunáms eftir einn mánuð í starfi. Hámarksstyrkupphæð er 30.000 kr. og er háð því að umsækjandi hafi þegar nýtt þann styrk sem hann getur fengið hjá viðkomandi stéttarfélagi. Samanlögð styrkupphæð stéttarfélags og sveitarfélagsins getur aldrei numið hærri fjárhæð en sem nemur kostnaði við íslenskunám umsækjanda.

Umsókn til sveitarfélagsins skal fylgja afrit reiknings fyrir íslenskunámi og staðfesting frá stéttarfélagi þar sem fram koma upplýsingar um styrkfjárhæð.